

Alþingi
Erindi nr. P 131/310
komudagur 1.12.2004



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

30.nóv. 2004

Efni: Pingsályktun um talsmann neytenda, 18.mál

SVP-Samtök verslunar og þjónustu hafa áður lagst gegn stofnunar sérstaks embættis umboðsmanns neytenda og talið að með stofnun slíks embættis, sem ætla má að verði all kostnaðarsamt, væri ekki mörkuð rétt stefna.

Samtökin telja heppilegra að málefni neytenda að því er varðar eftirlit og málsvörn sé í höndum frjálsra félagasamtaka sem með þjónustusamningi við Samkeppnisstofnun eða þann aðila annan í framkvæmdasýslunni sem hefði neytendamál á sinni könnu tæki að sér þessi mál. Þannig kæmist ríkið best frá þessu og hefði um leið besta stjórn á því fjármagni sem til þessa málaflokks færi hverju sinni. Um leið væri virkjað afl og frumkvæði hinna frjálsu félagasamtaka.

SVP- Samtök verslunar og þjónustu telja að með viðtæku samráði við hagsmunaaðila eigi að ráða þessum málum til lykta og ákveða farveg þeirra í stjórnsýslunni. Því er í sjálfu sér fagnaðarefni að málið er nú tekið til umræðu, en samtökin mæla ekki með samþykkt tillögunnar óbreyttri.

Virðingartyllst,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri